



Samskiptasáttmáli Garðabæjar

Drög að áætlun um þjálfun nemenda
og inngrip samskiptamála



GARÐABÆR



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03.2026



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Samskiptaáætlun skólasamfélagsins í Garðabæ	6
Markmið samskiptaáætlunar	7
Samskiptateymi	8
Hlutverk umsjónarmanns samskiptateymis	8
Hlutverk samskiptateymis	9
Skilgreiningar	9
Hlutverk skólasamfélagsins	12
Ábyrgð	14
Hlutverk starfsfólks skólasamfélagsins er að	15
Hlutverk forráðafólks er að	15
Hlutverk barna er að	16
Áherslur grunnskóla til að stuðla að góðum samskiptum	18
Skipulag	20
Samskiptaþjálfun árganga	22
Viðbrögð við samskiptamáli	34

INNGANGUR



Skjal sói af '0001-0000' dags: 25.03.2016

Leiðarljós samskiptasáttmála Garðabæjar er að auka vellíðan, velferð, lífsgæði og heilsu barna.

Samskiptasáttmáli Garðabæjar er byggður á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 (hér eftir kallað lög um ábyrgð og skyldur), lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 (hér eftir lög um farsæld barna) og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Alls staðar þar sem fólk kemur saman geta komið upp samskiptamál. Ef gripið er fljótt inn í og með samstilltu átaki heimilis, skóla og annarra ábyrgðaraðila er hægt að minnka líkur á alvarlegum afleiðingum. Ábyrgðaraðilar þurfa að vera vel vakandi yfir samskiptum og láta sig þau varða.

Í 2. gr. Barnasáttmálans segir að öll börn eigi að njóta allra réttinda án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúu, hvernig þau hugsa eða líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau lifi við fötlun, eru rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á.

Lögð er áhersla á að öllum börnum líði vel og að samskipti einkennist af virðingu og tillitssemi. Í 12. gr. Barnasáttmálans segir að börn eigi rétt á að tjá sig og að tekið sé tillit til skoðana þeirra um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim, leiðbeina og styðja börnin sín. Þá skulu þeir velta fyrir sér þeim áhrifum sem ákvarðanir sem þeir taka gagnvart börnum kunni að hafa á þau. Alltaf skuli það haft að leiðarljósi að gera það sem er barninu fyrir bestu eins og fram kemur í 3. gr. Barnasáttmálans.

Fram kemur í lögum um farsæld barna mikilvægi þess að við leggjum öll grunn að „aðstæðum sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar“. Skólinn leggur grunn að samskiptum á milli heimilis og skóla, ásamt því að skapa forráðafólki vettvang til samskipta og samstarfs sín á milli.

Miðlun góðra lífsgilda ásamt reglulegri fræðslu og umræðum um góð samskipti er mikilvæg. Þjálfun í samskiptafærni veitir börnum tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegu samtali um málefni sem varðar daglegt líf þeirra. Allir þurfa að deila ábyrgðinni og vera góðar fyrirmyndir, sýna virðingu og láta sig líðan annarra varða. Við erum öll í þessu saman.

Samskiptasáttmáli Garðabæjar er unninn af stýrihópi sem skipaður er fulltrúum Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofsstáðaskóla, Sjólandsskóla og Urriðaholtsskóla. Hópurinn starfaði undir handleiðslu Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektors í tómstunda- og félagsmálafræði. Grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar rit- og verkefnastýrði sáttmálanum.

SAMSKIPTAÁÆTLUN SKÓLASAMFÉLAGS- INS Í GARÐABÆ



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.08.2026

Samskiptaáætlun Garðabæjar er ætlað að stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu barna, forráðafólks og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Með aukinni þekkingu og markvissri þjálfun barna eiga hlutaðeigandi aðilar að: geta brugðist við, víta hvert skal leita og hvernig er unnið úr málum. Í áætluninni er tiltekin aldurstengd samskiptaþjálfun sem fara skal fram í skólasamfélaginu í Garðabæ. Meginmarkmið hennar er að þjálfar börn í að eiga góð samskipti, auka öryggi og vellíðan í námi og leik ásamt því að takast á við ágreining. Góð samskiptafærni er mikilvægt veganesti í lífinu.

Samskiptaáætlunin skal kynnt á hverju ári í öllum grunnskólum, frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum bæjarins. Endurskoða skal áætlunina á minnst tveggja ára fresti.

Markmið samskiptaáætlunar

- Að skapa uppbyggilegan og jákvæðan skólabrag.
- Að stuðla að vellíðan nemenda.
- Að skipa samskiptateymi í öllum grunnskólum.
- Að hafa markvissa og lausnamiðaða samvinnu heimila og skólasamfélags.
- Að hafa markvissa forvarnarvinnu í skólasamfélaginu.
- Að vinna eftir ákveðnum ferlum ef upp koma samskiptamál.
- Að þjálfar börn í góðum samskiptum.
- Að þjálfar börn í að takast á við ágreining sem upp kann að koma í samskiptum.
- Að þjálfar og fræða starfsfólk í að þekkja og greina birtingarmyndir samskiptamála.
- Að efla og fræða forráðafólk í að aðstoða börnin sín við að takast á við samskiptamál.

Samskiptateymi

Í hverjum grunnskóla skipar skólastjórnandi samskiptateymi sem hefur það hlutverk að fylgja eftir samskiptaáætlun, svo sem að skipuleggja fræðslu og kynningar til skóla-samfélagsins og koma að samskiptamálum sem upp kunna að koma.

Náms- og starfsráðgjafi hvers skóla er umsjónarmaður teymisins en breytilegt er milli skóla hverjir sitja í því. Dæmi um fulltrúa í samskiptateymi skóla auk náms- og starfsráðgjafa eru:

- Stjórnandi.
- Verkefnastjóri.
- Nemendaráðgjafi.
- Umsjónarmaður frístundaheimilis.
- Forstöðumaður félagsmiðstöðvar.
- Kennari.
- Starfsmaður úr stoðþjónustu.

Hlutverk umsjónarmanns samskiptateymis

- Skipuleggur reglulega fundi teymis.
- Boðar fundi og setur saman dagskrá.
- Sér til þess að fundargerð sé rituð og vistuð í ONE-skjalakerfi.
- Er tengiliður vegna mála sem koma upp.
- Tekur við tilkynningum sem berast vegna samskiptamála og setur í ferli.
- Stýrir rannsókn tilkynninga sem berast skóla.
- Fylgir eftir að málum sé lokað með formlegum hætti.
- Sér um að tengslakannanir séu framkvæmdar.
- Situr sem fulltrúi í samskiptateymi Garðabæjar.

Hlutverk samskiptateymis

- Aðstoða við að kynna og fylgja eftir samskiptaáætlun Garðabæjar.
- Aðstoða við könnun og skipulag inngripa ef upp kemur samskiptamál.
- Koma að tengslakönnunum.
- Fylgjast með árangri inngripa.
- Koma að endurskoðun samskiptaáætlunar, árangri og úrbótum.

Skilgreiningar

Samskipti

Góð samskipti eru lykill að jákvæðum tengslum sem gefa lífinu gleði og innihald. Samskiptafærni er því afar mikilvæg þegar kemur að samstarfi og öllu því sem viðkemur félagslegum samskiptum. Þar skiptir miklu máli að geta sett sig í spor annarra, geta leyst ágreining og fundið lausnir. Við þjálfun góðra samskipta er lögð áhersla á S-in fimm:

- Samkennd
- Seiglu
- Sjálfstjórn
- Sjálfstæði
- Skapandi hugsun

GÓÐ SAMSKIPTI

SAMKENND

- Ég get sett mig í spor annarra.
Ég samgleðst öðrum.
Ég kem fram við aðra af virðingu.

SEIGLA

- Ég held áfram að reyna.
Ég geri mitt besta.
Ég óttast ekki að gera mistök.

SJÁLF-STJÓRN

- Ég vel hvernig ég bregst við.
Ég ber ábyrgð á mér.

SJÁLFSTÆÐI

- Ég læt ekki aðra stjórna mér.
Ég tek eigin ákvarðanir

SKAPANDI HUGSUN

- Ég tek öllum eins og þeir eru.
Ég ákveð ekki fyrirfram hverja mér líkar við og hverja ekki.
Ég leita lausna þegar upp koma vandamál.

Samskiptamál

Samskiptamál er yfirheiti yfir órannsökuð atvik, árekstra og annað sem veldur ágreiningi, óþægindum og vanlíðan í samskiptum. Samskiptavandi, stríðni, einstaka ofbeldishegðun, einelti og óæskileg hegðun eru mögulegar niðurstöður könnunar á samskiptamáli.

Samskiptavandi

Samskiptavandi er þegar tveir eða fleiri einstaklingar eiga í neikvæðum samskiptum sín á milli í styttri eða lengri tíma. Neikvæð samskipti eiga þá jafnt yfir báða aðila. Ef ekki er gripið inn í og börnum leiðbeint getur vandinn þróast yfir í einelti.

Stríðni

Stríðni er þegar gert er grín að einhverjum með því að segja eitthvað særandi eða illgjarnt – jafnvel á glaðlegan hátt. Stríðni getur einnig verið truflandi hegðun, áreitni eða eigur faldar eða skemmdar. Stríðni getur virst vingjarnleg en getur snúist upp í óvingjarnlega hegðun mjög hratt og þróast yfir í einelti. Munur er á góðlátlegu gríni meðal jafningja og stríðni.

Ofbeldi

Ofbeldi getur verið líkamlegt og/eða andlegt. Það er meiðandi, særandi og alltaf neikvætt en getur verið stakt tilvik og þar með ekki einelti. Mikilvægt er að fá fullvissu um að ekki sé um stærra mál að ræða. Endurtekið ofbeldi getur þróast yfir í einelti.

Einelti

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einstaklingi sem á erfitt með að verjast. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis. Einelti getur haft margar birtingarmyndir.

Birtingarmyndir eineltis geta t.d. verið:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar og annað líkamlegt ofbeldi.
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni.
- Neteinelti: stríðni, áreitni og útilokun sem framin er vísvitandi af einstaklingi eða hópi í gegnum hvers konar upplýsinga- og samskiptatækni.
- Skriflegt: krot, bréfasendingar og fleira.
- Óbeint félagslegt: baktal, útskúfun, útilokun úr félagahópi.
- Efnislegt: eignum stolið, þær teknar eða eyðilagðar.
- Andlegt: Þvingun til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd og sjálfsvirðingu.

Einelti fer oft fram þar sem enginn sér. Sá sem er lagður í einelti vill oft ekki segja frá því sem gerist svo hann hljóti ekki verra af.

HLUTVERK SKÓLA- SAMFÉLAGSINS



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03.2026

Þegar vísað er til skólasamfélags er átt við starfsfólk á stofnunum bæjarins sem kemur að börnum er tilheyra skólasamfélaginu, þ.m.t. starfsfólk skóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og forráðafólks barna.

Börnum eru kennd uppbyggileg samskipti í skólasamfélaginu. Þau stuðla að góðum anda og jákvæðri menningu innan hópa. Starfsfólk skal leggja sig fram við að stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptabrag. Það er gert með því að starfsfólk sé ávallt vakandi fyrir líðan og samskiptum allra barna. Hafi starfsfólk áhyggjur af líðan barna eða grun um samskiptamál lætur það sig málið varða og kemur því í ferli. Það hlustar á börnin þegar þau bera upp mál er varða líðan þeirra og upplifun og fylgir því eftir. Starfsfólk skólasamfélagsins skal eiga góð samskipti við forráðafólk og skapa traust á milli heimilis og skólasamfélagsins. Forráðafólk er upplýst um líðan, samskipti og þær aðgerðir sem gripið er til hverju sinni.

Skv. lögum um grunnskóla, 18. gr., er forráðafólki ætlað að gæta hagsmuna barna sinna og er það því talsmenn þeirra í öllum málum er varða skólasamfélagið.

Skólasamfélagið leggur grunn að samskiptum við heimilin og skapar forráðafólki skilyrði til samskipta og samstarfs sín á milli. Hlutverk forráðafólks er mikilvægt til að styðja við skólagöngu barna sinna og stuðla að því að þau séu úthvöld og geti fylgt skólareglum. Það er samstarfsverkefni forráðafólks og skólasamfélagsins að kenna börnum góð samskipti og að bera virðingu fyrir öðrum.

Heimilin leggja ákveðinn grunn áður en börnin hefja skólagöngu og samvinna skólasamfélagsins og forráðafólks gegnir mikilvægu hlutverki til að stuðla að áframhaldandi velferð barna. Gagnkvæm miðlun upplýsinga milli heimilis og skólasamfélagsins er mikilvægur þáttur í velferð og líðan barna.

Þegar upp koma samskiptamál er grundvallaratriði að forráðafólk, starfsfólk skólasamfélagsins og nemendur vinni saman að lausn mála og geri saman áætlun um hvernig stuðlað verði að lausn vandans.

Í 3. gr. Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er fjallað um það sem er barninu fyrir bestu:

”

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að forráðafólk verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur. Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á börnum.

Eitt af hlutverkum og skyldum forráðafólks er að kenna börnum sínum eðli góðra samskipta, muninn á réttu og röngu, umburðarlyndi, samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði, skapandi hugsun og almenna kurteisi. Mikilvægt er að kenna börnum að axla ábyrgð á eigin gjörðum og sýna sjálfu sér og umhverfi sínu virðingu.

Það að kenna börnum öll framangreind gildi krefst tíma og þolinmæði. Nauðsynlegt er að þessi grunnur sé lagður heima fyrir áður en börnin hefja skólagöngu sem og á meðan á henni stendur.

Mikilvægt er að nemendur séu meðvitaðir um réttindi sín en einnig ábyrgð og skyldur, bæði hvað varðar málefni sem snúa að þeim sjálfum og í samskiptum við samnemendur og fullorðna. Skólasamfélagið hefur þær væntingar til barna að þau hafi sjálfstjórn, geti sýnt öðru fólki samkennd og virðingu í samræmi við aldur og þroska.

Í öllum skólum Garðabæjar starfar fagfólk sem styður við börn með því að skapa öruggt og traust andrúmsloft í skólanum, á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum. Starfsfólk hefur skýrar væntingar til barna og bregst jafnóðum við ef upp koma samskiptavandamál eða árekstrar milli barna. Fagfólk skólanna kennir samskipti og allt starfsfólk grípur inn í smæstu árekstra um leið og þeir eiga sér stað. Fagfólk skólanna hefur yfirsýn yfir úrræði sem börnum standa til boða og vísar málum í réttan farveg.

Þegar upp koma samskiptamál eru börnum kynntir þeir verkferlar sem fylgt er. Börn eru virkir þátttakendur þegar kemur að lausn vandans.

Ábyrgð

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 hefur það meðal annars að markmiði að börn geti notið bernsku sinnar í skólasamfélaginu, notið hæfileika sinna og þau séu örugg í öllu starfi þess. Til að það megi takast þurfa allir aðilar skólasamfélagsins að bera ábyrgð og vinna sameiginlega að góðum samskiptum og lausnum þegar upp kemur samskiptamál í hópum. Skólasamfélagið í Garðabæ leggur ríka áherslu á samstarf heimilis og skólasamfélags. Það er sameiginleg ábyrgð á velferð barna.

Hlutverk starfsfólks skólasamfélagsins er að

- Fylgja samskiptaáætlun og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu og þjálfun í samskiptum.
- Grípa inn í samskiptamál, þ.m.t. samskiptavanda, einelti, einstaka ofbeldi, stríðni eða óviðeigandi hegðun.
- Leitast við að vera í góðum samskiptum við forráðafólk.
- Upplýsa forráðafólk og eftir atvikum skólastjórnendur, umsjónarmenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og tómstunda sem viðkomandi börn stunda ef samskiptamál koma upp.
- Vinna með aðilum málsins, samkvæmt verkferlum eftir eðli atvika.
- Leggja sig fram um að stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum.
- Þekkja samskiptasáttmála Garðabæjar og verkferla ef upp koma samskiptamál.

Hlutverk forráðafólks er að

- Kenna börnum sínum félagsfærni og góð samskipti.
- Vera í góðum samskiptum við starfsfólk skólasamfélagsins og við foreldra í vinahópi og árgangi barna þeirra.
- Aðstoða börn sín við að leysa úr ágreiningi.
- Taka á samskiptamálum barna sinna hvort sem um þolendur, gerendur eða áhorfendur er að ræða, af virðingu og tillitssemi.
- Gera með sér sáttmála um samskipti í anda þess er Heimili og skóli leggja til í foreldrasáttmála sínum þar sem fjallað er almennt um samskipti, samskipti á samfélagsmiðlum og samkomur utan skólasamfélagsins, s.s. afmælisboð. Foreldrafélag og bekkjarfulltrúar bera ábyrgð á gerð foreldrasáttmála.
- Vanda samskipti sín á samfélagsmiðlum þegar um börn er að ræða og ekki skal fjalla um önnur börn á þeim vettvangi.
- Þekkja samskiptasáttmála Garðabæjar og viðbrögð ef upp koma samskiptamál.

Hlutverk barna er að

- Sýna öðrum samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði, skapandi hugsun, virðingu og kurteisi.
- Virða skólareglur.
- Setja mörk.
- Benda gerendum á óviðunandi samskipti bæði gagnvart sér og öðrum börnum.
- Láta fullorðna vita ef þau verða vitni að samskiptavanda, einelti eða annarri meiðandi hegðun í garð annarra eða þeirra sjálfra.
- Þekkja samskiptasáttmála Garðabæjar og viðbrögð ef upp koma samskiptamál
- Aðstoða við lausn mála.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

ÁHERSLUR GRUNNSKÓLA TIL AÐ STUÐLA AÐ GÓÐUM SAMSKIPTUM



Að eiga jákvæð samskipti og kunna að takast á við ágreining af virðingu og af yfirvegun eru kostir sem mikilvægt er að temja sér og þjálf. Jákvæð samskipti eru grunnur að jákvæðum skólabrag og vellíðan allra í skólasamfélaginu. Grunnskólar í Garðabæ leggja ríka áherslu á að þjálf slíka færni allt frá því að barn hefur nám í grunnskóla. Til að ýta undir jákvæð samskipti er lögð áhersla á eftirfarandi:

- Skólinn, í samvinnu við nemendur, setur sér ákveðin viðmið í samskiptum sem miða að því að allt starfsfólk skólasamfélagsins, börn og forráðafólk geti unnið eftir sömu gildum sem stuðla að jákvæðum samskiptum og góðum samskiptabrag.
- Börn fái þjálfun í góðum samskiptum, tillitssemi, virðingu, ábyrgð, sveigjanleika, samkennd, umburðarlyndi og þátttöku í lýðræðislegu samstarfi.
- Umsjónarkennarar gera bekkjarsáttmála með nemendum þar sem settar eru bekkjarreglur.
- Umsjónarkennarar halda reglulega bekkjarfundi þar sem líðan, samskipti og hegðun er rædd.
- Unnið er reglulega með verkefni sem stuðla að bættum skólabrag.
- Fagleg og markviss forvarnarfræðsla fer fram í skólanum á hverri önn í öllum árgöngum.
- Lögð er áhersla á góða samvinnu heimilis og skóla.

Skipulag

-
- Skólastjórnendur fela starfsfólki ábyrgð á framkvæmd samskiptasáttmála Garðabæjar.
-
- Samskiptateymi í hverjum skóla hittist strax að hausti og gerir áætlun um forvarnir fyrir skólaárið og heldur reglulega fundi.
-
- Samskiptasáttmálinn skal vera sýnilegur á heimasíðum allra skólanna.
-
- Umsjónarkennarar bera ábyrgð á gerð bekkjarsáttmála.
-
- Allt starfsfólk hefur það hlutverk að hvetja til góðra samskipta.
-
- Farið er a.m.k. tvisvar á önn yfir þau viðmið sem skólasamfélagið setur sér í samskiptum og þau samræmd með starfsfólki.
-
- Tengslakannanir eru lagðar fyrir í október á hverju ári og fylgt eftir að vori eða eftir þörfum í samráði við námsráðgjafa.
-
- Forráðafólk í hverjum árgangi kys bekkjarfulltrúa. Þeir hafa jákvæða hvatningu að leiðarljósi og skipuleggja viðburði í samráði við aðra foreldra bekkjarins og óskir barna (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
-
- Umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar tryggja að gerður sé foreldrasáttmáli er varðar afmæli og aðrar samkomur, netsamskipti, útivistartíma og annað er varðar félagslegan anda innan hópsins.
-
- Skólastjórnendur og samskiptateymi grunnskólanna nýta niðurstöður úr Skóla-
púlsum og öðrum rannsóknum sem tengjast samskiptum, til að viðhalda góðu
starfi og bregðast við niðurstöðum sem benda til samskiptavanda.
-



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

SAMSKIPTAÞJÁLFUN ÁRGANGA



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Þar sem hægt er að kenna jákvæð samskipti er áhersla lögð á slíka þjálfun í skólum, fristundaheimilum og félagsmiðstöðvum Garðabæjar. Það er gert með því að vinna eftir markvissri áætlun sem stuðlar að því að þjálfa börn í góðum samskiptum, efla samkennd og sjálfstjórn. Sú áætlun er hér á eftir.

Til að áætlunin verði virk og allt samfélagið þekki hana og viti hvað í henni felst fer fram markviss fræðsla.



1. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga- og/eða bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjarfulltrúa eða bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu barnanna í hópnum í nóvember og mars ár hvert.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögd er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með vináttuverkefnið Blæ frá Barnaheillum.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Á haustkynningu er unnið með spjöld forráðafólks um Blæ.
- Fræðsla fyrir forráðafólk um góð samskipti.
- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

2. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjarfulltrúa og bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu barnahópsins í nóvember og mars ár hvert.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Dagskrá er skiplögd í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með vináttuverkefnið Blæ frá Barnaheillum.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Á haustkynningu er unnið með foreldraspjöld verkefnisins um Blæ.
- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

3. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjarfulltrúa eða bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Fræðsla frá Samtökunum '78 að hausti.
- Börn fá fræðslu um hugtökin einelti, stríðni og samskiptavandi og muninn á góðum og slæmum samskiptum.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.
- Hægt er að vinna áfram með vináttuverkefnið Blæ frá Barnaheillum.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

4. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylg eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Börn fá fræðslu um hugtökin einelti, stríðni og samskiptavandi og muninn á góðum og slæmum samskiptum.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um samskipti barna og hvernig hægt er að takast á við samskiptamál.
- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

5. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Rýnihópaviðtöl eru tekin við fulltrúa nemenda um skólabrag.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Styrking sjálfsmyndar (utanaðkomandi fræðsla) í kringum forvarnaviku.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um góð samskipti.
- Fræðsla fyrir forráðafólk um stafrænt uppeldi á vorönn.
- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

6. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru valdir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Rýnihópaviðtöl eru tekin við fulltrúa nemenda um skólabrag.
- Skólapúlsinn er lagður fyrir.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs. Fræðsla frá samtökunum '78 í kringum forvarnarviku.
- Skiplöð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Styrking sjálfsmyndar (utanaðkomandi fræðsla) í kringum forvarnarviku.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um stafrænt uppeldi á vorönn.
- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

7. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru valdir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Rýnihópaviðtöl eru tekin við fulltrúa nemenda um skólabrag.
- Skólapúlsinn er lagður fyrir.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Styrking sjálfsmyndar (utanaðkomandi fræðsla) í kringum forvarnarviku.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um stafrænt uppeldi á vorönn.
- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

8. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru valdir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla og koma að úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Skólapúlsinn er lagður fyrir.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í samskiptaviku í kringum „dag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Febrúar, vika sex, nemendur fá fræðslu um kynheilbrigði á vegum skóla og félagsmiðstöðvar, margs konar fræðsluefni til á netinu.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Bekkjar-/árgangakvöld á vegum skólans í september/október. Það er haldið í hverjum bekk/árgangi þar sem forráðafólk fær forvarnarfyrirlestur og tækifæri til að kynnast hvert öðru og samnemendum barnsins.
- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

9. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjar- og samskiptasáttmálar í september. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru valdir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla og koma að úrlausn samskiptamála milli barna

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Skólapúlsinn er lagður fyrir.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplöð er dagskrá í samskiptaviku í kringum „dag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Fræðsla frá samtökunum '78 í kringum forvarnaviku í október.
- Febrúar, vika sex, nemendur fá fræðslu um kynheilbrigði á vegum skóla og félagsmiðstöðvar, margs konar fræðsluefni til á netinu.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

10. bekkur

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru valdir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla og koma að úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti. Þeim er fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Skólapúlsinn er lagður fyrir.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplöð er dagskrá í kringum „dag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Fræðsla með það að markmiði að efla sjálfsmynd, taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð.
- Febrúar, vika sex, nemendur fá fræðslu um kynheilbrigði á vegum skóla og félagsmiðstöðvar, margs konar fræðsluefni til á netinu.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

VIÐBRÖGÐ VIÐ SAMSKIPTAMÁLI



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03.2026

Ef upp koma áhyggjur af vanlíðan barna þarf að bregðast við því um leið og kanna málið. Öllum þeim sem hafa vitneskju um neikvæða hegðun á meðal nemenda ber að tilkynna það til umsjónarkennara, stjórnenda skólans eða annarra starfsmanna sem koma að málinu. Starfsmenn skulu setja málið strax í könnunarferli þar sem stuðst er við samskiptasáttmála og verkferil Garðabæjar.

Ábyrgð

Í skóla- og frístundastarfi koma upp neikvæð samskipti sem börn þurfa oft og tíðum leiðbeiningar og aðstoð við að leysa. Þetta köllum við samskiptamál. Í fyrstu er ekki vitað hvernig samskiptamál er um að ræða og því nauðsynlegt að kanna málið. Undir samskiptamál fellur samskiptavandi, stríðni, ofbeldi og einelti. Hver sem er í skóla-samfélaginu getur sagt frá og tilkynnt um samskiptamál.

Daglega skal fylgjast með nemendum og grípa inn í aðstæður ef þörf krefur.

- Aðstoða nemendur við lausn máls ef það er raunhæfur kostur.
- Ef atvik telst minni háttar er máli lokið.
- Ef atvik telst alvarlegt og ítrekað er málinu vísað til umsjónarkennara/námsráðgjafa.
- Umsjónarkennari/námsráðgjafi upplýsir forráðafólk ef atvik er alvarlegt eða ítrekað.
- Ef ekki tekst að leysa mál með samtali við forráðafólk og nemendur skal tilkynna mál og fylgja verklagi samkvæmt verklagi um 1. stigs mál.

Fái starfsfólk ábendingu frá nemendum um samskiptamál skulu viðbrögð þess vera:

- Þakka fyrir ábendinguna.
- Hrósa barninu fyrir hugrekki.
- Ef um er að ræða áhorfanda sem óskar eftir að hans verði ekki getið er farið að þeirri ósk.
- Að loknu þessu samtali taka við viðbrögðin hér að framan.

Forráðafólk getur tilkynnt um samskiptamál á eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans. Öll mál sem unnin eru á 1., 2., eða 3. stigi skal vinna skv. formlegu verklagi. Ávallt skal stofna samskiptamál sem tilkynnt hafa verið í One-málakerfi Garðabæjar.

VERKFERILL Í SAMSKIPTA- OG EINELTISMÁLUM

STIG

1

1. Formleg tilkynning berst, mál stofnað í ONE.
2. Könnun.
3. Rætt við málsaðila.
4. Forráðafólk upplýst.
5. Allir málsaðilar bera ábyrgð á að vinna að lausn vandans.
6. Máli lokið eða það fer á annað stig.

STIG

2

1. Samskiptateymi.
2. Verkáætlun.
3. Inngrip.
4. Eftirlit.
5. Könnun.
6. Reglulegt upplýsingaflæði.
7. Allir málsaðilar bera ábyrgð á að vinna að lausn vandans.
8. Máli lokið eða það fer á 3. stig.

STIG

3

1. Einelti skal aldrei liðið.
2. Upplýsa málsaðila um að málið sé komið á þriðja stig.
3. Allir málsaðilar bera ábyrgð á að vinna að lausn vandans.
3. Upplýsa skal alla starfsmenn, bekkjarfélaga og þá sem koma að starfi með málsaðilum.
4. Eftirlit skal aukið.
5. Mál sent til nemendaverndarráðs.
6. Ef tekst að ljúka máli skal því lokið með undirritun forráðafólks og eftir atvikum nemenda.
7. Ef ekki tekst að ljúka máli skal gera áætlun um langvarandi inngrip samkvæmt verkáætlun.

FYRSTA STIG

- Um leið og formleg tilkynning berst skal samskiptateymi virkjað og mál stofnað í ONE.
- Umsjónarkennari/ar upplýstur/ir og könnun máls sett í gang. Leitast skal við að greina um hvernig samskiptamál er að ræða.
- Rætt við þá sem áttu beinan þátt í atvikinu ásamt vitnum.
- Haft skal samband við forráðafólk þeirra barna sem eiga hlut að máli og það boðað á fund, hvert í sínu lagi eða saman eftir atvikum. Á fundunum er farið yfir málsatvik og leitað lausna.
- Ef sættir nást er málinu lokið með undirritun forráðafólks og eftir atvikum nemenda.
- Fylgjast skal áfram með málsaðilum.
- Ef ekki tekst að leysa málið og það telst alvarlegt fer það á 2. stig.

ANNAÐ STIG

- Samskiptateymi fer yfir málsgögn og setur upp aðgerðaáætlun í samráði við umsjónarkennara.
- Málsaðilar, það er meintur gerandi/ur og meintur þolandi, forráðafólk og starfsmenn sem koma að málum hlutaðeigandi skulu upplýstir.
- Óska skal eftir leyfi hjá meintum þolanda til að upplýsa þá aðila sem koma að starfi með málsaðilum.
- Setja skal inngríp svo sem stuðning við meintan geranda/ur og þolanda.
- Koma skal upp reglulegum samtölum við þolanda og meintan geranda/ur. Funda skal reglulega með málsaðilum, forráðafólki, nemendum og starfsfólki.
- Ef tekst að ljúka máli skal því lokið með undirritun forráðafólks og eftir atvikum nemenda. Fylgjast skal áfram með málsaðilum.
- Ef ekki tekst að leysa málið og það telst alvarlegt fer það á 3. stig. Mál á 3. stigi telst mjög alvarlegt atvik eða eineltismál.



ÞRIÐJA STIG

- Setja skýr skilaboð um að einelti sé ekki liðið og að skólinn muni með öllum ráðum leitast við að því ljúki.
- Upplýsa skal málsaðila og forráðafólk þeirra um að málið sé komið á þriðja stig og að þá sé á ábyrgð allra að vinna að lausn málsins.
- Upplýsa skal alla starfsmenn sem koma að kennslu eða starfi með þolanda og geranda um stöðu málsins, bekkjarfélaga og þá sem koma að starfi með málsaðilum í tómstundum.
- Áætlun um bætt eftirlit með gerendum og þolanda í þeim aðstæðum sem vart hefur verið við einelti skal kynnt fyrir forráðafólki og hrundið í framkvæmd.
- Mál er sent til umfjöllunar hjá nemendaverndarráði.
- Fundir skulu ávallt haldnir á forsendum þolanda og í samráði við forráðafólk viðkomandi.
- Fundur með þolanda annars vegar og forráðafólki og hins vegar með gerenda/um og forráðafólki.
- Upplýsa um hvaða möguleikar eru til staðar fyrir ráðgjöf hjá sálfræðingi eða meðferðaraðila fyrir gerenda/ur og þolanda.
- Ef tekst að ljúka máli skal því lokið með undirritun forráðafólks og eftir atvikum nemenda.
- Ef ekki tekst að ljúka máli skal gera áætlun um langvarandi inngrip samkvæmt verkáætlun.



Langvarandi inngrip

Þegar þolandi er kominn með slæma félagslega stöðu sem erfitt reynist að vinda ofan af er mikilvægt að aðstoða barnið með langtímainngrip. Dæmi um slæma félagslega stöðu getur verið slæmt orðspor, ólík menning, lítil tengsl við skólafélaga eða jaðarsetning. Gæði félagslegra tengsla hafa áhrif á heilsu og líðan einstaklinga. Veita skal þolanda stuðning, til dæmis með reglulegum viðtölum hjá námsráðgjafa, umsjónarkennara eða utanaðkomandi aðila.

Dæmi um inngrip:

- Funda skal reglulega með aðilum málsins.
- Þolandi og forráðafólk skal ávallt upplýst og haft samráð um aðgerðir og áætlun.
- Styrkja þarf félagslega stöðu nemandans, til dæmis með því að tengja hann við félag og tómstundir.
- Auka skal eftirfylgni í frímínútum og í klefum íþróttamannvirkja.
- Efla tengsl innan bekkjarins og á milli einstaklinga. Ýta skal undir jákvæð samskipti með þjálfun.
- Greina skal hópinn reglulega með þeim verkfærum sem skólinn hefur.
- Þolandi og gerandi fara í „tékk inn, tékk út“ hjá námsráðgjafa, umsjónarkennara eða öðrum starfsmanni skólans.
- Halda skal reglulega bekkjarfundi, daglega eða vikulega eftir þörfum.
- Styrkja foreldrahópinn með fræðslu og reglulegum fundum.
- Leita skal til utanaðkomandi aðila með ráðgjöf eða aðkomu að málinu takist skólanum ekki að leysa málið í samstarfi við skólasamfélagið.

Viðauki 1

Hugsanlegar vísbendingar um einelti:

Tilfinningalegar

- Breytingar á skapi, grátur og viðkvæmni.
- Svefntruflanir og/eða breyttar matarvenjur.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, þunglyndiseinkenni og/eða sjálfsvígshugsanir.

Líkamlegar

- Höfuðverkur og/eða magaverkur.
- Áverkar, s.s. skrámur og marblettir sem barnið getur ekki útskýrt.
- Rifin föt og/eða skemmdar eigur.

Félagslegar

- Virðist einangrað og einmana.
- Fer ekki í og fær ekki heimsóknir.
- Fáir eða engir vinir og barnið forðast að taka þátt í félagsstarfi.

Hegðun

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Neitar að segja hvað amar að.
- Árásargirni og erfið hegðun, til dæmis gagnvart systkinum.

Í skóla

- Leggur fyrir eða seinna af stað í skólann en venjulega og mætir því oft of seint eða ekki.
- Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum, til dæmis frímínútur, leikfimi og sund.
- Hættir að sinna náminu, einkunnir lækka, einbeitingarörðugleikar.

Á heimili

- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, vill ekki að frii ljúki.
- Dregur sig í hlé, neitar að leika sér úti eftir skóla.
- Biður um aukavasapeninga, týnir peningum eða öðru.
- Reynir að fá foreldra sína til að tala við kennarann, skólafélagana eða aðra foreldra.

